

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Grund, 16. maí 2008

Skorradalshreppur óskar að koma á framfæri eftirfarandi viðbót við lög um
brunavarnir vegna

frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 á þskj.
618, mál nr. 376:

1) Við 5. gr. laga nr. 75/2000 um verkefni *Brunamálastofnunar*, á eftir d. lið komi nýr
liður svohljóðandi:

„x. vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi“

2) Við 12. gr. laga nr. 75/2000 um *eldvarnaeftirlit sveitarfélaga*, á eftir a. lið komi nýr
liður svohljóðandi:


„x. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og
skógræktaráætlanir fullnægi kröfum um eldvarnir í skóglendi“

Greinargerð:

Viða er skógur og/eða skógrækt hluti af skipulagðri landnotkun, sbr. það markmið
að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af
flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006). Þá eru þjóðskógar á
vegum Skógræktar ríkisins víða að vaxa upp.

Jafnvel þótt talið sé að hætta á skógareldum sé lítil hér á landi er nauðsynlegt að að
tryggja að áætlanir um skógrækt taki til forvarna í þessu sambandi. Rétt er að benda á
að Almannavarnir líta á skógarelda sem „náttúruvá“. Eðlilegt er að það sé meðal
verkefna Brunamálastofnunar að vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í
skóglendi og að það sé hluti af eldvarnaeftirliti sveitarfélaga að fylgja því eftir að
skógræktaráætlanir innan sveitarfélagsins fullnægi kröfum um eldvarnir.

Virðingarfyllst,


Davíð Pétursson, oddviti
Skorradalshrepps

SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: grund@simnet.is